

Stjórnarfundur 20. ágúst 2018

Mættir: Maríanna Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Heiðrún Sigurðardóttir, Leifur Arason, Hjörtur Bergstað og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

2. Landsmót 2018

Farið lauslega yfir stöðuna eftir landsmót. Uppgjör mun liggja fyrir á næstu vikum en enn er beðið eftir síðustu reikningum.

3. Brekknaás

Engin starfssemi er hafin í húsinu. Samþykkt að fá leigumiðlara til að finna áhugasama leigjendur.

4. Uppskeruhátíð Fáks

Ákvörðun tekin um að breyta til og halda uppskeruhátíð Fáks fyrir alla aldurshópa saman sunnudaginn 18. nóvember.

5. Herrakvöld

Herrakvöldið verður haldið laugardagskvöldið 6. október nk.

6. Heimasíða Fáks

Vandræðalegur vírus hefur hrjád heimasíðu Fáks í nokkurn tíma núna. Þórir og Maríanna munu skoða og fá tilboð í hönnun nýrrar heimasíðu.

7. Landsþing LH

Landsþing LH verður haldið 12.-13. október nk. á Akureyri. Fákur á sæti fyrir 22 fulltrúa á þinginu. Stjórn og framkvæmdastjóri (8) fara ásamt einum fulltrúi úr hverri starfandi nefnd.

8. Knapastyrkir Norðurlandamót

Sótt var um styrk til Fáks fyrir þá Fákshópa (unglinga og ungmenni) sem kepptu fyrir hönd Íslands á Norðurlandamótinu. Samþykkt að styrkja þá alla um 50.000 kr hvern.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.

